

Sjávarútvegsráðuneyti

Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Húsavík, 28. júlí 2008
nr. erindis 200710115

Á 72. fundi byggðarráðs Norðurþings sem fram fór þann 28. júlí 2008 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Byggðakvóti 2007/2008

Byggðarráð leggur eftifarandi breytingar til við úthlutun byggðakvóta í Norðurþingi:


Sveitarfélagið Norðurþing fer þess á leit við Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytið að eftifarandi breytingar verði gerðar á reglugerð nr. 605 frá 24. júní 2008.

- Ákvæði 4. greinar reglugerðarinnar.


- 15. þorskígildislesta hámarksúthlutun verði feld niður.
- Byggðakvóti sem til fellur í byggðarlögum Norðurþings skal unninn i fiskvinnslum í viðkomandi byggðalagi. Ef ekki er til staðar fiskvinnsla í viðkomandi byggðalagi skal afli unninn í öðrum byggðalögum innan sveitarfélagsins og skal samningur við fiskvinnslu fylgja umsókn um byggðakvóta.
- Komi upp þær aðstæður að byggðakvóti eins byggðarlags náist ekki skal honum endurúthlutað innan sveitarfélagsins.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. byggðarráðs Norðurþings



NORDURPING


Guðbjartur Þórhilf Jónsson
Fjármálastjóri – staðgengill sveitarstjóra
Norðurþing - Húsavík